

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl 2008 í máli nr. S-107/2008:

**Ákærvaldið**

*(Eyjólfur Ármannsson fulltrúi)*

**gegn**

**Hendriki Birni Hermannssyni**

*(Brynjar Nielsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefni af ríkislögreglustjóra 29. janúar 2008 á hendur Hendriki Birni Hermannssyni, kennitala [...], Naustabryggju 27, Reykjavík, Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í eftirtöldum tilvikum:

### A.

Sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins HBH Veitinga, kennitala [...], með því að hafa:

1. Eigi afhent á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslur vegna uppgjörstímabilanna janúar til og með apríl 2006 og hafa eigi staðið ríkissjóði, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í nafni einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna frá nóvember 2005 til og með apríl 2006, samtals að fjárhæð kr. 5.859.214,- og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vangoldinn</i>
<b>Árið 2005</b>	<i>VSK:</i>

Nóvember - desember	kr.	2.479.725
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b><u>2.479.725</u></b>
<b>Árið 2006</b>		
Janúar - febrúar	kr.	1.632.973
Mars - apríl	kr.	1.746.516
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b><u>3.379.489</u></b>
<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b><u>5.859.214</u></b>

2. Eigi afhent á lögmæltum tíma skilagreinar staðgreiðslu opinberra gjalda vegna greiðslutímabilanna frá mars til og með júlí, september og desember 2006, og hafa eigi staðið ríkissjóði, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna október 2005 til og með desember 2006, samtals að fjárhæð kr. 11.166.074,- og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>	
<b>Árið 2005</b>		
Október	kr.	726.065
Nóvember	kr.	800.500

Deember	kr.	865.708
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b><u>2.392.273</u></b>
<b>Árið 2006</b>		
Janúar	kr.	722.889
Febrúar	kr.	802.757
Mars	kr.	749.638
Apríl	kr.	738.763
Maí	kr.	737.034
Júní	kr.	593.008
Júlí	kr.	610.562
Ágúst	kr.	716.884
September	kr.	764.968
Október	kr.	610.805
Nóvember	kr.	757.841
Deember	kr.	968.652
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b><u>8.773.801</u></b>
		-
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b><u>11.166.074</u></b>

## B.

Sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins H. Hermannssonar, kennitala [...], með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í nafni einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna frá janúar til og með júní 2007, samtals að fjárhæð kr. 12.809.837,- og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>		<i>Vangoldinn VSK:</i>	
<b>Árið 2007</b>			
Janúar - febrúar		kr.	2.565.726
Mars - apríl		kr.	5.000.923
Maí - júní		kr.	5.243.188
<b>Samtals:</b>		<b>kr.</b>	<b><u>12.809.837</u></b>

2. Eigi afhent á lögmæltum tíma skilagreinar staðgreiðslu opinberra gjalda vegna greiðslutímabilanna janúar, apríl og maí 2007, og hafa eigi staðið ríkissjóði, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna janúar til og með september 2007, samtals að fjárhæð kr. 11.173.116,- og sundurliðast sem hér

greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>		
<b>Árið 2007</b>			
Janúar		kr.	443.160
Febrúar		kr.	1.263.772
Mars		kr.	1.580.247
Apríl		kr.	1.865.317
Maí		kr.	1.351.392
Júní		kr.	1.348.498
Júlí		kr.	1.122.836
Ágúst		kr.	915.718
September		kr.	1.282.176
<b>Samtals:</b>		<b>kr.</b>	<b><u>11.173.116</u></b>

Framangreind brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 1. tölulið A og B hluta ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 2. tölulið A og B hluta ákæru.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í mars 1975. Hann hefur ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé.

Með hliðsjón af sakarefnum málsins sæti ákærði fangelsi í sex mánuði, sem bundið verður skilorði með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Ákærði greiði 77.300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 74.700 krónur.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Hendrik Björn Hermannsson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, greiði 77.300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 74.700 krónur.

Simon Sigvaldason.